

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Skeljungur Eskifirði



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	20.6.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Borgartún 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5902691749	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Aðalsteinn Árnason	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Freyr Guðmundsson	<b>Staðsetning</b>	733478,28 517684,715

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi og engar ábendingar um úrbætur voru gerðar.

□

### UMFANG EFTIRLITS

Nýtt starfsleyfi var gefið út fyrir olíubirgðastöðina á Eskifirði í janúar sl. Heimilt er að geyma allt að 7.000 m<sup>3</sup> af olíu í nyrðri þrónni í stöðinni og þar af í stærsta geymi allt að 3.500 m<sup>3</sup> af olíu. Eftir að niðurstöður lektarprófs á syðri þró félagsins í stöðinni á Eskifirði voru send Umhverfisstofnun hefur stofnunin heimilað með skriflegum hætti geymslu á allt að 2.150 m<sup>3</sup> af olíu í syðri þrónni, þar af 1.030 m<sup>3</sup> í stærsta geymi.

Í stöðinni er einnig heimil móttaka á allt að 700 tonnum af úrgangsolíu á ári og í því sambandi er heimilt að tappa vatnsfasa undan úrgangsolíugeymi. Móttökugeymir úrgangsolíu skal vera í viðeigandi lekavörn.

Starfleyfið heimilar auk þess rekstur löndunar- og afgreiðslubúnaðar við bryggju, ílát og annan búnað fyrir íblöndunarefni í eldsneyti, afgreiðslubúnað á flutningstanka og annan búnað í samræmi við lög og reglugerðir. Heimil er einnig bein afhending úr stöðinni með olíulögn sem liggur að fiskimjölsverksmiðju á Marbakka.

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Eskifirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um, frá því síðasta eftirlit fór fram. Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar í rekstrarhandbók.

Alls eru fimm eldsneytisgeymar í stöðinni og einn olíugeymir undir útgangsolíu. Allir hafa olíugeymarnir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu áru. Endurmæla þarf olíugeyma nr. B201 og B202 á árinu.

Stöðin er tengd olíulögnum á tvær bryggjur. Eldri olíulagnir liggja á löndunarbryggju (kölluð bræðslubryggja á eldri kortum) og yngri olíulagnir á olíubryggju (einnig kölluð mjölbryggja). Eins er lögn til fiskimjölsverksmiðju Eskju hf. Allar olíulagnir út úr stöðinni voru þrýstiprófaðar árin 2013 og 2014. Þrýstiprófa þarf olíulagnir nr. P10110, P10120, P10130 og 201108-01 á árinu.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Tvær olíuskiljur eru í stöðinni, tengdar sitthvorri mengunarvarnarþrónni. Afgreiðsluplan fyrir flutningsgeyma með niðurfall í lægsta punkti er tengt neðri olíuskiljunni og þaðan er lögn með einstreymisloka sem liggur í fráveitulögn bæjarfélagsins. Sýnataka fer fram í þeim brunni. Sýnatöku þarf þó að gera þegar lágsjávað er því sjávarfalla gætir í brunnum. Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár, en oftar ef vafi leikur á að kröfur um magn olíuleifa í frárennsli séu uppfylltar.

Dæla þarf vatni úr þró upp í olíuskiljur stöðvarinnar vegna sigs stöðvarinnar en hún er byggð á uppfyllingu. Dælingin er sjálfvirk og stjórnast af skynjurum. Olíuskynjari í frárennsli stöðvarinnar slær út dælum og sendir GSM skilaboð til starfsmanna er olíu skynjast í frárennslinu. Verklagslýsing á prófun á kerfum er í handbók stöðvarinnar. Bólholt efh. hreinsaði olíuskiljur stöðvarinnar í júlí sl.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Girðingar og hlið voru í lagi.

### ATHUGASEMDIR

Engar ábendingar um úrbætur voru gerðar.

□


### ANNAÐ

Átaksverkefni Umhverfisstofnunar snýr að gerð umhverfismarkmiða. Gefinn hefur verið út bæklingur í því skyni þar

sem kostir mælanlegra markmiða eru útskýrðir. Bæklingurinn var afhentur í eftirliti. Eins var farið yfir breytingar sem ný reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi gerir til olíubirgðastöðva. Reglugerðin er nr. 884/2017.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.08.2018



---

Gottskálk Friðgeirsson